

1873.

16. apríl.

af jafnaðarsjóðunum, ef þess verður þörf, en það mun varla koma fyrir, með því ætla má, að sýslunefndirnar þegar í stað geti jafnað niður þeim gjöldum, sem þörf er á.

6. maí.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðastyrk handa Óla póstmeistara Finsen.

Eftir að þér, herra landshöfðingi, með bréfi 22. marz þ. á. hafið mælt með bænarskrá nokkurri til stjórnarráðsins, þar sem póstmeistarinn í Reykjavík, Óli Finsen, sækir um styrk til kostnaðarins við dvöl hans í Danmörku, til þess að kynna sèr störf póstembættismanna, samkvæmt því, sem honum var gjört að skyldu þá er hann var skipaður póstmeistari, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið hefir veitt póstmeistara Óla Finsen 100 rd. til þess að greiða fyrnefndan kostnað, auk 50 rd. þóknunar, sem honum er veitt með öðru bréfi dómsmálastjórnarinnar í dag, og sendum vèr yður póstávísun til beggja upphæða, til þess þér fáið þær þeim í hendur, sem í hlut á.

Fyrir móttöku fjárins væntum vèr að fá kvittun yðar.

6. maí.

30. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um þóknun handa Óla póstmeistara Finsen.

Í bréfi, dagsettu 22. marzm. þ. á., hafið þér, herra landshöfðingi, skýrt frá, að þér hafið sett Óla Finsen, sem skipaður er póstmeistari frá 1. aprílm. þ. á., til þess að standa á eigin ábyrgð fyrir afgreiðslu póstsendinga þeirra, sem komu til Reykjavíkur með póstgufuskipinu í marzm., og þeirra innaulands

pósta, sem fóru þaðan 25., 26. og 27. s. m., og hafið þér mælt til þess, að póstmeistarann verði veitt þóknun fyrir starfa þenna, sem samsvari mánaðarlaunum hans.

1873.

6. maí.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið í þessu skyni hefir veitt Óla póstmeistara Finsen 50 rd. þóknun, og sendum vör yður póstávisun til fjár þessa, til þess þér fáið það honum í hendur.

Fyrir móttöku fjárins væntum verð að fá kvittun yðar.

31. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um leyfi skipslæknis til þess að fara með lækningar.

13. maí.

Amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæmi Íslands hefir sent hingað tvær bænarskrár, þar sem fyrrum skipslæknir A. Tegner sumpart sækir um leyfi til að fara með lækningar á Íslandi, sumpart fer þess á leit, að hann megi verða aðnjótandi þeirra réttinda, sem fyrirheitin eru í auglýsingu um ýmsar ráðstafanir viðvikjandi læknaskipuninni á Íslandi 31. maí 1867, nr. 1, eða til vara: að sér verði veittur opinber styrkur á annan hátt, til þess að halda áfram þeim lækningum, sem hann hefir haft um hönd um nokkurn tíma á Vopnafirði í Norðurmúlasýslu; hefir amtmaður, samkvæmt meðmælingum frá sýslumanninum í tæðri sýslu og frá tveimur öðrum vel metnum mönnum þar, mælt fram með, að sækjandanum verði veitt lækningaleyfi, og jafnmikill styrkur af opinberu fê, einsog stjórnarráðið tvisvar sinnum áður hefir veitt honum fyrir lækningar hans á Íslandi.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifast á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð og frá því fengið álit landlæknisins á Íslandi, jústizráðs Jóns Hjaltalíns, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það, að stjórnarráðið eptir þeim skýrslum, sem nú hafa fengizt, þykist geta veitt sækjandan-